



Forsætisráðuneytið  
Samráðsmál nr. 25/2020

Reykjavík 21. febrúar 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt aðgerðaáætlun

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við ráðuneytið:

Samtökin fagna þeirri vinnu sem nú er unnin við að koma á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Að mati Barnaheilla þarf að vinna gegn öllu ofbeldi gegn börnum í hvaða mynd sem er og verður það að mati samtakanna, m.a. gert með því að vinna gegn hvers kyns valdamisræmi í samfélaginu og með því að tryggja jöfnuð á meðal allra barna. Til að uppræta ofbeldismenningu þarf að innleiða menningu jöfnuðar, ábyrgðar, kærleika og virðingar gagnvart öllum. Þessi forvarnastefna sem hér er unnið að er skref í rétta átt.

Að því sögðu verður nú vikið að ábendingum um einstakar aðgerðir áætlunarinnar.

Barnaheill óska eftir að eiga samstarf á breiðum grundvelli við framkvæmdaaðila samkvæmt áætluninni um forvarnafræðslu til starfsfólks og nemenda um vernd gegn kynferðisofbeldi og um viðbrögð við kynferðisofbeldi.

A4. Barnaheill hvetja til þess að verkefnið Verndarar barna verði nýtt sem fræðsluefni í áætluninni. Verndarar barna, námskeið er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðisofbeldi á börnum. Markmið námskeiðsins er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðisofbeldi af festu og ábyrgð. Í námskeiðsefninu koma fram helstu sérfræðingar í málaflokknum eins og Ólöf Ásta Farestveit í Barnahúsi, Anna Kristín Newton, sálfræðingur sem starfar helst með gerendum og Eyrún Jónsdóttir fyrrverandi verkefnastjóri Neyðarmóttöku svo einhverjir séu nefndir.

Úttekt sem gerð hefur verið á efninu bendir til þess að hegðun fólks breytist í kjölfar þess að sitja námskeiðið og fleiri aðilar bregðast við grun um ofbeldi á börnum. Hér er að finna upplýsingar um úttektina í meistararitgerðinni „Verndarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum“, eftir Dagbjörtu Rún Guðmundsdóttur:

[https://skemman.is/handle/1946/13545?fbclid=IwAR3\\_5QMTF\\_zerGcLOkFx51C-SBs\\_Vw3PcCusjhTc7K4cjFmkdXI6SCL7M2U](https://skemman.is/handle/1946/13545?fbclid=IwAR3_5QMTF_zerGcLOkFx51C-SBs_Vw3PcCusjhTc7K4cjFmkdXI6SCL7M2U). Hafin er undirbúningsvinna á úttekt á nýja efninu.

Barnaheill lýsa yfir vilja til samstarfs um gerð fræðsluefnis fyrir fyrirhugað netnámskeið og telja Verndara barna námskeiðið vel til þess fallið að nýta sem netnámskeið.

A5. Barnaheill hvetja til þess að ríkulegt samráð og samstarf verði haft við félagasamtök við gerð og samningu fræðsluefnis, og hvetja til þess að efni sem nú þegar er til verði nýtt. Samtökin bjóða fram krafta sína og óska eftir samstarfi um þennan lið áætlunarinnar.

A7. Barnaheill fagna því að við þennan lið er lagt til að SAFT verði samstarfsaðili þessa verkefnis.

B4. Barnaheill óska eftir samstarfi um þennan lið þar sem samtökin annast nú þegar dreifingu á forvarnafræðslu til heilsugæslunnar, bókinni „Þetta er líkaminn minn“ sem er dreift í 4 ára skoðunum.

C1. Barnaheill fagna þeirri tillögu að sett verði á laggirnar forvarnarteymi við grunnskóla. Samtökin undirstrika mikilvægi þess að hér sé vel vandað til verka og verkefnið verði tekið alvarlega. Barnaheill leggja til að a.m.k. einn úr hverju teymi fái að fara á leiðbeinendanámskeið fyrir Verndara barna námskeiðið.

C3. Barnaheill óska eftir samstarfi við framkvæmdaaðila fyrir þennan lið. Barnaheill hafa aðgang að góðu fræðsluefni m.a. frá Save the Children á öðrum Norðurlöndum sem hægt er að þýða og staðfæra og nýta í fræðslu hér á landi. Barnaheill (áður Blátt áfram) hafa um árabíl minnt á og hvatt til þess að forvarnarmyndin „Leyndarmálið“ sé sýnd í grunnskólum landsins.

C5. Barnaheill bjóða fram krafta sína við forvarnafræðslu í félagsmiðstöðvum með lífsleiknifræðsluefnið Bella net, en það er sjálfstyrkingarvinna fyrir stúlkur sem unnin er í hópum með sérþjálfuðum leiðbeinendum. Markmiðið með fræðslunni er að styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu ungra stúlkna og að vera forvörn gegn slæmri andlegri heilsu sem og áfengis- og vímuefnaneyslu. Stúlkunum er kennt að setja heilbrigð mörk, öðlast þekkingu á áhrifum og afleiðingum áfengis og vímuefna, öðlast færni í lífsleikni og að þora að segja sínar skoðanir á ólíkum málefnum sem verður á vegi þeirra í lífinu.

D1. Barnaheill geta boðið upp á lífsleiknifræðsluna Bella net, sjá í liðnum hér fyrir ofan, á árlegum forvarnardögum framhaldsskólanna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

F2. Samtökin vekja athygli á að einnig er mikilvægt að við mat á árangri einstakra aðgerða sé tekið mið af Lanzarote samningnum, samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun.

Barnaheill hvetja stjórnvöld eindregið til þess að við framkvæmd þessarar forvarnarstefnu verði haft ríkulegt samstarf við félagasamtök á borð við Barnaheill sem hafa um langt árabíl unnið að vernd barna gegn ofbeldi. Samtökin eru boðin og búin að verða að liði við þetta mikilvæga verkefni sem framundan er.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi.